

ÁRSSKÝRSLA 2019-2020

- fyrir aðalfund -

Reykjavík 25. febrúar 2020

**Hagsmunasamtök
Heimilanna**

-Stöndum vörð um heimilin sem grunnstoð samfélagsins



www.heimilin.is - heimilin@heimilin.is

12. aðalfundur Hagsmunasamtaka heimilanna 2020

Haldinn í húsnæði Hjálpræðishersins, Álfabakka 12, Reykjavík, 25. febrúar kl. 20:00

DAGSKRÁ AÐALFUNDAR

1. Skipun fundarstjóra, ritara, og fundarsetning
 2. Skýrsla stjórnar: Ásthildur Lóa Þórsdóttir, formaður
 3. Reikningar samtakanna: Guðrún Harðardóttir, gjaldkeri
 4. Tillaga stjórnar um ákvörðun félagsgjalda
 5. Tillögur um breytingar á samþykktum
 6. Kosning 7 aðalmanna í stjórn
 7. Kosning 3-7 varamanna í stjórn
 8. Kosning skoðunarmanna
 9. Önnur mál
-

FRÁFARANDI STJÓRN 2019-2020

Aðalstjórn: Ásthildur Lóa Þórsdóttir (formaður), Vilhjálmur Bjarnason (varaformaður), Einar Valur Ingimundarson (ritari), Guðrún B. Harðardóttir (gjaldkeri), Guðrún Indriðadóttir, Hafþór Ólafsson, Róbert Þ. Bender.

Varastjórn: Sigríður Örlygsdóttir, Björn Kristján Arnarson, Þórarinn Einarsson, Ragnar Unnarsson, Sigurbjörn Vopni Björnsson, Stefán Stefánsson.

TILLAGA UM FÉLAGSGJÖLD 2020

Stjórn Hagsmunasamtaka heimilanna leggur til að félagsgjöld 2020 verði óbreytt, 4.900 krónur.

SKÝRSLA STJÓRNAR 2020

Skýrsla stjórnar ellefta starfsár Hagsmunasamtaka heimilanna, 26. febrúar 2019 til 25. febrúar 2020, fyrir 12. aðalfund samtakanna, 25. febrúar 2020.

Hagsmunasamtök heimilanna eru nýorðin 11 ára og héldu upp á 10 ára afmæli sitt með glæsibrag 7. október síðastliðinn um leið og þau opnuðu nýja vefsíðu, Neytendatorg.is.

Þó Hagsmunasamtökin ættu ekki að þurfa að vera til var full ástæða til að fagna því að þau hafi yfirleitt verið stofnuð 15. janúar 2009 af framsýnu hugsjóna- og baráttufólki, sem datt kannski ekki í hug að full þörf yrði enn á samtökunum 10 árum seinna.

Ég veit ekki hvort Íslendingar átta sig almennt á því að hefðu Hagsmunasamtök heimilanna ekki verið stofnuð, þá hefðu afskaplega fáir mótmælt meðferð stjórnvalda og bankakerfisins á lántakendum. Fáir strax eftir hrun og alls enginn enn þann dag í dag.

Íslendingar eru nefnilega meira fyrir spretthlaup en maraþon. Við sem þjóð, stökkvum á mál sem ná athygli okkar í smá tíma, en ef stjórnvöld tefja málin nógu lengi, þá komast þau upp með að gera hvað sem þau vilja þegar önnur mál fanga athygli okkar.

Það hefði aldrei verið hægt að hirða 15.000 heimili af fólki, þegjandi og hljóðalaust, ef úthald okkar sem þjóðar gegn spillingu, væri meira.

Hagsmunasamtökin hafa fyrir löngu sannað úthald sitt og þau hafa tekið maraþonið. Þau hafa haldið réttindum neytenda á fjármálamarkaði á lofti í heil 11 ár og staðreyndin er sú að án samtakanna væri enginn að gera það.

Þær þúsundir sem misstu heimili sín eftir hrun væru enn falinn, þögull og skömmustulegur hópur, ef ekki væri fyrir baráttu Hagsmunasamtaka heimilanna.

Án þeirra væri heldur enginn að ræða verðtryggingu eða velta fyrir sér áhrifum hennar á hagkerfið og heimilin. Það er ekki síst vegna þrotlausrar baráttu Hagsmunasamtakanna sem verðtryggingin varð eitt aðalmálið í lífskjarasamningunum síðastliðið vor.

Þannig að þó að „Sigurinn“, með stóru „S-i“ sem við erum öll að bíða eftir, þegar réttindi neytenda á fjármálamarkaði verða tryggð, verðtryggingin verið afnumin í lánum til neytenda og hrunið gert upp með Rannsóknarskýrslu heimilanna, hafi ekki enn náðst, var samt sem áður full ástæða til að fagna 10 árum og því að við skulum hægt og örugglega færast nær settu marki.

Hvernig borðar maður fíl? Svarið er einn bita í einu og að lokum klárar maður fílinn. Það er líka þekkt að „hver vegferð hefst með einu skrefi“ og ef aldrei er lagt af stað kemst enginn neitt.

Þannig geta Hagsmunasamtökin litið til baka og séð alls konar vörður á leið þeirra sem sýna að neytendur á Íslandi eru í mun betri stöðu vegna þess sem Hagsmunasamtökin hafa áorkað en þeir væru ef þau hefðu ekki verið til eða gefist upp á að „borða þennan fíl“.

Það er árangur og arfleifð sem skiptir máli til langs tíma.

Þess vegna var virkilega ástæða til að fagna og halda upp á 10 ára baráttu og úthald.

Afmælishátíðin okkar tókst vel og mæting var framar öllum okkar vonum. Við viljum því þakka öllum þeim sem mættu og þá sérstaklega þeim sem töluðu en það voru Ragnar Þór Ingólfsson formaður VR og Styrmir Gunnarsson fyrrverandi ritstjóri ásamt því sem félags- og barnamálaráðherra, Ásmundur Einar Daðason, hélt tölu og opnaði Neytendatorgið formlega.

Stór liður í starfsemi samtakanna er að hafa áhrif á umræðuna um hagsmunamál heimilanna á fjármálamarkaði. Það gerum við með fréttatilkynningum, greinaskrifum, umsögnum við lög og lagabreytingar, þátttöku í nefndum, fundum með aðilum á ýmsum sviðum þjóðlífsins og mætingum á opna fundi þar sem við vekjum athygli á málstað okkar.

Fulltrúar samtakanna hafa fundað með fjölmörgum ráðamönnum, bæði á Alþingi og innan stjórnsýslunnar auk annarra og það líður vart sú vika að fulltrúar þeirra fundi ekki með einhverjum aðilum enda erum við tilbúin til að hitta hvern og hverja sem óska eftir því til að fara yfir málin, teljum við það gagnast málstað neytenda.

Einnig leggjum við oft töluvert á okkur til að hitta þá sem hafa engan sérstakan áhuga á því að eiga við okkur samskipti, gefi þeir einhver færni á sér.

Fulltrúar samtakanna hafa því sótt fjölmarga opna kynningarfundum á árinu. Við höfum séð að það margborgar sig að vera sýnileg og nýta tækifæri til að beina spurningum á opnum fundum, til þeirra sem oftast en ekki vilja sem minnst af málefnum heimilanna vita.

Til dæmis sóttu fulltrúar samtakanna opinn fyrirlestur Háskóla Íslands um bók Svein Haralds Øygard, fyrrverandi seðlabankastjóra: **Í víglínu íslenskra fjármála**. Á þeim fundi sat Gylfi nokkur Magnússon í pallborði og þar spurðum við hann hvort honum hefði verið kunnugt um loforð Steingríms J. til kröfuhafa varðandi seðlabankavexti á gengistryggðu lánin. Gylfi neitaði allri vitneskju um það loforð en spurningin virtist þó koma illa við hann og Svein Harald, þáverandi seðlabankastjóri, kannaðist ekki heldur við þetta loforð þáverandi fjármálaráðherra.

Með því að mæta á þennan fund ásamt fundi sem Seðlabankinn hélt árið 2018 í Hörpu með aðkomu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, og bera þar fram fyrirspurnir, höfum við fengið það staðfest að þáverandi fjármálaráðherra Steingrímur J. Sigfússon, gaf kröfuhöfum bankanna loforð sem hefur valdið heimilum landsins gríðarlegum og ómældum skaða, án þess að bera það undir Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, viðskiptaráðherra eða seðlabankastjóra, hvað þá almenning.

Eftir stendur því spurningin, hver var með honum í ráðum, þegar hann gaf nýjum kröfuhöfum, jafnvel vogunarsjóðum, loforð sem bar með sér ásetning um að svipta fólki samningsrétti sínum? Og fleiri spurningar vakna líka um leið, eins og hver hafi gefið honum heimild til þessa loforðs og hvernig hann hafi séð fyrir sér að fá dómstóla og löggjafarvaldið í lið með sér til að framfylgja því?

Sé litið til baka þegar við höfum nú í mörg ár staðið frammi fyrir afleiðingum þessa loforðs sem hann virðist hafa gefið upp á sitt einsdæmi, eftir að dómsvaldið, framkvæmdarvaldið og löggjafarvaldið gengu í lið með honum og tóku þátt í að brjóta lög- og stjórnarskrárvarin réttindi varnarlausra borgara, þá hljótum við að spyrja okkur hvernig það hafi getað gerst og hvaða embættismenn og kjörnu fulltrúar hafi hoppað á vagninn með honum til að tryggja að þetta löglausa og heimildarlausu loforð yrði uppfyllt.

Við eigum rétt á svörum við þessum spurningum og þeim verður Steingrímur J. að svara og benda um leið á samverkamenn sína svo þeir geti svarað fyrir sig.

Allt á að vera upp á borðum, því það er í leyndinni sem spillingin þrífst.

Hagsmunasamtök heimilanna hafa komið að minnst fjórum dómsmálum á liðnu ári. Meðal annars um fyrningu verðbóta, frumrit skuldabréfa, vexti gengislána og skaðabætur vegna verðtryggðra lána. Ég ætla ekki að rekja þá sögu alla hér en skaðabótamálið vegna verðtryggðra fasteignalána er orðið að framhaldssögu sem ekki virðist ætla að sjá fyrir endann á og er slæmur vitnisburður um dómskerfið á Íslandi enda eru dómstólar í mjög furðulegri vegferð í viðleitni sinni til að verja ríkið og hagsmunum þess.

Sérstaklega hefur hið nýja dómstig Landsréttur, valdið vonbrigðum, því þar hafa vinnubrögð verið með eindæmum hroðvirknisleg og léleg. Án þess að fara nánar í öll þau mál var ríkið sýknað af skaðabótakröfu vegna verðtryggðra lána með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 27. febrúar 2019. Málinu hefur verið áfrýjað til Landsréttar þar sem málarekstur stendur nú yfir.

Við höfðum miklar væntingar þegar loksins tókst að senda mál vegna gengistryggðra lána til Mannréttindadómstóls Evrópu skömmu fyrir jólin 2018. Það var okkur því töluvert áfall þegar við fréttum í haust að dómstóllinn hefði hafnað málskotinu og felld málið niður vegna tæknilegs ágalla. Unnið er að því að koma öðru máli af stað sem gæti farið í gang á næstu vikum.

Þá má nefna að úrskurður Neytendastofu um að skilmálar um breytilega vexti og vaxtabreytingar á sjóðfélagalánum LSR og LIVE hefðu verið í andstöðu við lög, var meðal annars á grundvelli kvörtunar frá samtökunum. Ýmis fleiri mál eru í gangi varðandi skilmála um breytilega vexti þar sem hefur tekist að fá þeim hnekkt en eftir á að útkljá um leiðréttingu eða uppgjör.

Eitt af því sem við höfum verið að ræða við þingmenn og flokka er að Hagsmunasamtökin fái leyfi til að bera mál undir úrskurðaraðila eins og Neytendastofu eða dómstóla, þó samtökin séu ekki „aðilar máls“ í persónulegri merkingu. Við teljum það í hæsta máta óeðlilegt og í andstöðu við tilgang laga á sviði neytendaverndar að brot þurfi að hafa valdið einhverjum einstaklingum skaða til að kvarta megi yfir þeim og ekki megi bregðast við brotum fyrr en þau séu fullframin.

Hagsmunasamtök heimilanna eru orðin 11 ára. Þau hafa sýnt og sannað gildi sitt og áunnið sér virðingu fyrir málflutning, því þó hann sé á stundum hvass er hann alltaf yfirvegaður og málefnalegur. Enginn hefur getað hrakið neitt af því sem Hagsmunasamtökin hafa haldið fram og gögn sem síðar hafa komið fram, hafa alltaf staðfest málflutning þeirra.

Það er út af vönduðum málflutningi sem opinberir aðilar og stjórnálamenn, hætta sér sjaldnast í umræður við okkur. Þeir kjósa því yfirleitt að hunsa það sem við segjum og vonast til að við þreytumst á baráttunni, svipað og laxinn gerir ef hann er þreyttur nógu lengi, og gefumst upp.

Það munum við aldrei gera.

Baráttunni fyrir réttindum neytenda á fjármálamarkaði er hvergi nærri lokið. Verðtryggingin hefur ekki enn verið afnumin og Rannsóknarskýrsla heimilanna hefur ekki litið dagsins ljós.

Verðtryggingin var þó í aðalhlutverki við gerð lífskjarasamninganna síðastliðið vor og það má að miklu eða jafnvel öllu leyti þakka Hagsmunasamtökum heimilanna, því þau vöktu máls á skaðsemi

hennar skömmu eftir hrun og hafa viðhaldið þeirri umræðu alla tíð síðan, þar til sífellt fleiri baráttumenn tóku undir þennan málflutning. Stuðningur við fullt afnám verðtryggingar eykst stöðugt, enda er um eina stærstu meinsemd íslensks þjóðfélags að ræða.

Réttlæti handa þeim sem misstu allt í hruninu er ekki enn fengið en baráttan fyrir því heldur stöðugt áfram. Vandinn við baráttu sem staðið hefur árum saman, eins og deilurnar um gengistryggðu lánin, er að eftir því sem árunum fjölgar verða málin margslungnari og víglínur breytast og færast til. Þess vegna teljum við að það sé engin möguleiki á alvöru uppgjöri nema skipuð verði rannsóknarnefnd af hálfu Alþingis með víðtækar rannsóknarheimildir, sem sé ætlað að skila af sér því sem við höfum kallað Rannsóknarskýrslu heimilanna.

Bæði þessi baráttumál, afnám verðtryggingar og Rannsóknarskýrsla heimilanna, eru þörf og þau munu áfram vera í forgrunni Hagsmunasamtakanna ásamt því að fundið verði út hvað það kostar að lifa hófsömu og mannsæmandi lífi samkvæmt marktækum mælikvörðum, og að lágmarkslaun verði svo reiknuð út frá þeim forsendum. Það er stórt vandamál að hér á landi hefur þetta ekki verið gert og það er ein af ástæðum þess að svo illa gengur að semja um kaup og kjör þegar engin veit hver lágmarkslaun þurfa að vera til að hægt sé að lifa af þeim.

Núna þegar samtökin eru orðin 11 ára er kominn tími til þess að slíta barnsskónum og víkka út sjóndeildarhringinn.

Þekkingin sem býr innan Hagsmunasamtakanna er gríðarleg. Ég tel mér óhætt að halda því fram að hér á landi sé hvergi til staðar jafn yfirgripsmikil þekking á réttindum neytenda á fjármálamarkaði og sú þekking nær líka inn á önnur svið neytendaréttar.

Þessa þekkingu þurfum við að geta nýtt betur og fá bolmagn til að nýta hana sem skyldi í þágu neytenda á fjármálamarkaði.

Þegar Íslendingar standa frammi fyrir stærstu fjárfestingum lífs síns fá þeir allar sínar ráðleggingar hjá þeim sem sitja hinumegin við borðið og eru að lána þeim. Þeir fá ráðleggingar sínar hjá þeim sem bera allt aðra hagsmuni en neytenda fyrir brjósti.

Það nær auðvitað ekki nokkurri átt.

Stjórn Hagsmunasamtakanna er þess vegna að vinna að því um þessar mundir að ná einhverskonar þjónustusamningi við ríkið, sem myndi gera okkur kleift að auglýsa þjónustu okkar og hjálpa fleirum en við ráðum við að gera í dag.

Neytendur sem standa í fasteignakaupum og lánaviðskiptum eiga rétt á hlutlausri og faglegri ráðgjöf, sem Hagsmunasamtökin geta veitt eins og þau hafa þegar sýnt og sannað.

Annað sem Hagsmunasamtökin geta er að veita fólki lögfræðilega ráðgjöf og leiðbeiningar, svo sem til þeirra sem þurfa að fara í gegnum nauðungarsölulferli og fjárnámsgerðir, því þar eru ráðleggingar af skornum skammti og hagsmunir kröfuhafa í forgangi.

Hagsmunasamtökin hafa sinnt ráðgjöf og hjálpað þúsundum í sjálfböðavinnu og af hugsjón í 11 ár. Fyrir vikið hafa nokkrir ráðherrar rétt að þeim „smáræði“ hér og þar, eða að meðaltali 1,8 milljónir á ári, sem hrekkur ekki fyrir miklu en hefur svo sannarlega munað um.

Á meðan hefur Umboðsmaður skuldara fengið að meðaltali 555 milljónir á ári fyrir að leiðbeina fólki um hvernig það geti gengist undir kröfur bankanna sem hafa hagnast um 650 milljarða á þessum sama tíma.

Það er staðreynd að Hagsmunasamtökin hafa hjálpað mun fleirum en UMS ef dómsmál eru tekin með í reikninginn. Sé beitt samskonar meðaltalsreikningi og við beitum á UMS, hefur hver einstaklingur sem Hagsmunasamtök heimilanna hafa hjálpað kostað ríkið 5.000 krónur á móti 930.000 krónum hjá UMS. Mismunurinn er 186 faldur.

En af hverju á ríkið að koma að þessum málum?

Sem svar við því má alveg spyrja hvort ríkið eigi að koma að nokkrum málum?

Þörfin er víða mikil og hæpið er að aðstöðumunur sé jafn mikill á milli aðila í nokkrum málum eins og þegar reynir á réttindi neytenda á fjármálamarkaði. Það er því gríðarlega mikil þörf á að þjónusta Hagsmunasamtaka heimilanna standi öllum til boða sem hana þurfa.

Saga undanfarinna 11 ára kennir okkur að ekki er hægt að treysta stjórnvöldum fyrir því að gæta hagsmuna almennra borgara gegn fjármálaöflunum. Þörfin fyrir samtök eins og Hagsmunasamtök heimilanna hefur því alls ekki minnkað með árunum. Hún hefur þvert á móti vaxið og samtökin sýnt fram á gildi sitt og nauðsyn fyrir íslenskt samfélag.

Það fer ekki á milli mála að þó staða heimilanna eftir hrun hafi alls ekki verið góð, þá væri hún mun verri ef samtökin hefðu ekki reynt að verja hagsmuni þeirra með öllum ráðum. Hagsmunasamtök heimilanna eru rétt að byrja og stjórnvöld eða fjármálafyrirtæki munu aldrei aftur geta farið með heimilin eins og þau gerðu í kjölfar hrunsins á meðan við stöndum vaktina og við munum standa hana áfram.

*fyrir hönd stjórnar Hagsmunasamtaka heimilanna
Ásthildur Lóa Þórsdóttir, formaður*

Starfsárið í tölum og megindráttum

Umræðan:

Stór liður í starfsemi samtakanna er að hafa áhrif á umræðuna um ýmis hagsmunamál heimilanna á fjármálamarkaði. Samtökin hafa lengi haldið umræðu á lofti um heimilin 15 þúsund sem var fórnað í endurreisn bankakerfis og það er farið að skila sér með opnari umræðu um þessi mál í samfélaginu, eftir margra ára tilhneigingu til þöggunar. Ágætur vitnisburður um slíka áherslubreytingu er ádeila áramótakaupsins 2019 á fyrirtæki sem hagnaðist á neyð almennings á húsnæðismarkaði eftir hrun og var hyllt fyrir framgang sinn og gróða. Þetta er hárbeytt ádeila, sem því miður er sannleikanum samkvæmt og endurspeglar gagnrýna umræðu í þjóðfélaginu, sem sífellt ber meira á.

Formaður HH, Ásthildur Lóa Þórsdóttir hefur verið iðin við skrif um endurreisn bankakerfisins, aðgerðir í kjölfar hrunsins og áhrif þess á heimilin, spillingu, dómskerfið, hagnað bankanna, umboðsmann skuldara og annað sem hefur beina og óbeina tilvísun í hrunið, heimilin og réttindi eða réttindaleyfi fólks í viðskiptum sínum á fjármálamarkaði. Skrif hennar hafa vegið þungt í þessari umræðu. Á liðnu ári voru verkefni samtakanna til umfjöllunar í fjölmörgum fjölmiðlum vegna fréttatil kynninga, umsagna við lagafrumvarp, greinaskrifa og annara viðburða.

Félagsmenn geta kynnt sér nánar helstu verkefni samtakanna á árinu 2019 og greinaskrif Ásthildar Lóu Þórsdóttur í annál HH, í þessari ársskýrslu. Hér fyrir neðan er árið tekið saman í grófum dráttum með helstu verkefnum og fundum samtakanna á liðnu ári.

Fundir:

Fulltrúar samtakanna funduðu m.a. með félags- og barnamálaráðherra Ásmundi Einari Daðasyni og dómsmálaráðherra, Áslaugu Örne Sigurbjörnsdóttur með embættismönnum dómsmálaráðuneytisins. Samtökin voru boðuð á fundi með stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis, efnahags- og viðskiptanefnar Alþingis, og allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis. Þau funduðu einnig með þingflokki Framsóknarflokksins, þingmönnum úr röðum Pírata og Miðflokks. Formaður HH flutti framsögu á opnum fundi um sögu gengistryggingarmála á Íslandi, hjá Framsóknarfélagi Reykjavíkur. Fulltrúar samtakanna áttu einnig fund með Neytendasamtökunum og VR vegna lögbanns á innheimtu smálána og stöðu neytendaverndar á fjármálamarkaði. Þau funduðu með formanni og varaformanni Öryrkjabandalags Íslands um málefni heimilanna. Þau fóru á fund starfshóps á vegum utanríkisráðuneytisins um kosti og galla EES samningsins (á 25 afmælisári innleiðingar hans á Íslandi) og kynntu áhrif samningsins á neytendarétt á Íslandi. Fulltrúar HH áttu auk þess fund með nefnd um endurskoðun á fyrirkomulagi úrskurðarnefnda á fjármálamarkaði.

Stjórnarmenn hafa sótt fjölmarga opna kynningarfundir á árinu. Þeir helstu voru opinn fyrirlestur í Háskóla Íslands um bók Svein Haralds Øygard, fyrrverandi seðlabankastjóra: **Í víglínu íslenskra stjórn mála**, opinn fundur Norræna félagsins um: **Hrunið, endurreisninina og Norðurlöndin. Vinir í raun eða hvað?** ásamt kynningarfundir Íbúðalánasjóðs um aðgerðir til lækkunar þröskulda á húsnæðismarkaði, Húsnæðisþingi, ýmis málþing á vegum háskóla og margt fleira.

Haldnir hafa verið **32 stjórnarfundir** frá síðasta aðalfundi, **einn viðburður** - 10 ára afmælisfögnuður HH og **tveir opnir spjallfundir félagsmanna**.

Helsti viðburður samtakanna 2019 var **10 ára barátta fyrir heimilin 2009-2019**. Þá héldu samtökin upp á tíu ára starfsemi með félagsmönnum og samstarfsaðilum, ásamt því að ný vefsíða samtakanna **Neytendatorg Hagsmunasamtaka heimilanna** var opnuð af félags- og barnamálaráðherra.

Umsagnir og erindi:

Hagsmunasamtök heimilanna hafa sent a.m.k. **60 umsagnir** til stjórnvalda og Alþingis á árinu og **fjölmörg erindi til stofnanna og eftirlitsaðila**. Þau helstu eru til Fjármálaeftirlitsins ásamt kvörtun til Neytendastofu yfir skilmálum og vaxtabreytingu Lífeyrissjóðs verslunarmanna. HH sendu einnig stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd erindi með kröfu um stjórnarsýsluúttekt á sýslumannsembættum. Enn fremur var ákvörðun Neytendastofu nr. 27/2019 um vaxtaskilmála áfrýjað og krafist banns við vaxtahækkun Arion banka en málinu var vísað til nýrrar meðferðar Neytendastofu.

Samstarf:

Samtökin tóku þátt í stefnumótunarvinnu í málefnum barna á vegum Félagsmálaráðuneytisins. Varaformaður HH tók þátt í ráðstefnu um aukinn kvíða í samfélaginu og samtökin tóku þátt í kröfugöngu verkalyðsins 1. maí, með kröfuspald á lofti.

Fjölmiðlar:

Samtökin sendu frá sér **10 fréttatilkynningar** á liðnu ári og fulltrúar þeirra fóru í fjölmörg viðtöl. Tíu ára starfsafmæli samtakanna og opnun neytendatorgs fékk mjög góðar viðtökur fjölmiðla og talsvert var fjallað um viðburðinn. Greinar formanns hafa vakið mikla athygli á samfélagsmiðlum en hún skrifaði **6 greinar** á árinu og birtust þær á vefsíðu samtakanna og Vísi.

Á liðnu ári voru viðtöl við fulltrúa HH og fréttir af samtökunum fjölmargar. Samtökin komu við sögu með einum og öðrum hætti í fjölmiðli samtals í a.m.k. **40 tilvikum**.

Málaferli:

Skaðabótamál HH vegna verðtryggra fasteignalána: Ríkið var sýknað af skaðabótakröfu vegna verðtryggðra lána með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 27. febrúar 2019 í málinu nr. E-514/2018. Héraðsdómi var áfrýjað til Landsréttar 26. mars 2019 en undirbúningsþinghöld fóru fram í Landsrétti 9. febrúar og 4. febrúar 2020.

Gengistryggð lán: Mannréttindadómstóll Evrópu hafnaði málskoti HH vegna gengistryggðra lána og felldi málið niður. Er því hafinn undirbúningur að nýju máli með öðru vísi nálgun.

Breytilegir vextir: Neytendastofa komst að þeirri niðurstöðu að skilmálar um breytilega vexti og vaxtabreytingar á sjóðfélagalánum LSR og LIVE hefðu verið í andstöðu við lög, meðal annars á grundvelli kvörtunar frá HH. Neytendastofa hefur einnig til meðferðar mál félagsmanns HH vegna skilmála um vaxtaendurskoðun í verðtryggðum lánum Frjálsa fjárfestingarbankans sem nú eru í eigu Arion banka, en bankinn hefur viðurkennt sök og ágreiningur stendur um viðbrögð við því og leiðréttingu eða endurgreiðslu til lántakanda. Þá hefur Landsbankinn einnig viðurkennt ólögsmæti skilmála um breytilega vexti í máli félagsmanns sem er til meðferðar úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki, en ágreiningur stendur þar einnig um leiðréttingu vegna þess.

Félagsmenn:

Félagsmönnum voru send **5 fréttabréf** á liðnu ári og lögfræðingur HH sinnti á þriðja hundrað skráðum erindum frá félagsmönnum og ráðgjöf ásamt fleiri óskráðum leiðbeiningum.

ANNÁLL STJÓRNAR 2019-2020

26.02.2019 Aðalfundur Hagsmunasamtaka heimilanna 2019

- 27.02.2019 Dómsuppkvaðning í Héraðsdómi Reykjavíkur í skaðabótamáli HH vegna verðtryggðra neytendalána
- 28.02.2019 Stjórnarfundur HH nr. 8/2019
- 28.02.2019 Visir.is birtir grein formanns HH með fyrirsögnina "Ég krefst þess að vera ákærð!"
- 28.02.2019 Fulltrúar HH sækja kynningarfund um lífskjör og fátækt barna 2002-2016 í Félagsmálaráðuneytinu
- 02.03.2019 Fréttatíminn fjallar um niðurstöðu héraðsdóms í skaðabótamáli HH vegna verðtryggðra neytendalána
- 06.03.2019 Málflutningur í Hæstarétti Íslands í máli félagsmanns um eignarrétt á týndu veðskuldabréfi
- 06.03.2019 Stjórnarfundur HH nr. 9/2019
- 07.03.2019 Varaformaður og erindreki HH í viðtali á Útvarpi Sögu um dómsmál á vegum samtakanna
- 08.03.2019 Formaður HH veitir styrk frá Félags- og barnamálaráðherra viðtöku í móttöku í Hannesarholti
- 08.03.2019 Fréttabréf sent til félagsmanna um dóminn í skaðabótamáli HH og niðurstöður aðalfundar HH
- 10.03.2019 10 ára dómur - Eldri grein Ásthildar og Ragnars Þór er mest lesin á Visi.is
- 12.03.2019 HH senda frá sér fréttatilkynningu vegna útgáfu skýrslu Velferðarvaktarinnar um lífskjör og fátækt barna
- 13.03.2019 Stjórnarfundur HH nr. 10/2019
- 13.03.2019 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um lækkingu og brotfall stimpilgjalds
- 13.03.2019 HH senda Alþingi umsögn um lykklafrumvarp (brottfall eftirstöðva í kjölfar nauðungarsölu)
- 13.03.2019 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um lækkingu iðgjalds til Tryggingarsjóðs innstæðueigenda
- 15.03.2019 Hæstiréttur vísar máli félagsmanns um eignarrétt á týndu veðskuldabréfi frá Landsrétti
- 18.03.2019 HH senda umsögn í samráðsgátt um frumvarp um bættu réttarstöðu leigjenda sem eru starfsmenn
- 19.03.2019 HH senda umsögn í samráðsgátt um frumvarp um félagasamtök til almannaheilla
- 19.03.2019 Formaður HH heldur framsögu um sögu gengistryggingarmála hjá Framsóknarfélagi Reykjavíkur
- 20.03.2019 Stjórnarfundur HH nr. 11/2019
- 21.03.2019 HH birta opið bréf til Umboðsmanns skuldara vegna ráðstefnu í samstarfi við Samtök fjármálaframtækja
- 21.03.2019 Eyjan/DV fjallar um opið bréf til Umboðsmanns skuldara vegna ráðstefnu í samstarfi við SFF
- 21.03.2019 Miðjan fjallar um opið bréf til Umboðsmanns skuldara vegna ráðstefnu í samstarfi við SFF
- 21.03.2019 HH senda umsögn í samráðsgátt um frumvarp um breytingu á lögum um lögbann
- 22.03.2019 Fulltrúar HH funda með félags- og barnamálaráðherra Ásmundi Einari Daðasyni
- 24.03.2019 Fréttatíminn fjallar um opið bréf til Umboðsmanns skuldara vegna ráðstefnu í samstarfi við SFF
- 25.03.2019 Fulltrúar HH funda með stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis um málefni heimila í réttarvörslukerfinu
- 26.03.2019 Dómi héraðsdóms í skaðabótamáli HH vegna verðtryggðra neytendalána áfrýjað til Landsréttar
- 27.03.2019 Stjórnarfundur HH nr. 12/2019
- 28.03.2019 Varaformaður og erindreki HH sækja ársfund Seðlabanka Íslands
- 01.04.2019 HH senda stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd erindi með kröfu um stjórnsýsluútekt á sýslumannsembættum
- 01.04.2019 Ólafur Ísleifsson þingmaður leggur frumvarp HH um breytingar á innheimtulögum fram á Alþingi
- 03.04.2019 Stjórnarfundur HH nr. 13/2019
- 03.04.2019 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp til laga um úrskurðarnefndir á sviði neytendamála
- 04.04.2019 Varaformaður HH tekur þátt í ráðstefnu um aukinn kvíða í samfélaginu á vegum Landlæknisembættis
- 05.04.2019 Fulltrúar HH sækja kynningarfund Íbúðalánasjóðs um aðgerðir til lækunar þröskulda á húsnæðismarkaði
- 05.04.2019 Formaður starfshóps ríkisstjórnar um húsnæðismál gerir grein fyrir samráði við HH í kvöldfréttum RÚV
- 05.04.2019 Formaður HH í viðtali í Reykjavík síðdegis á Bylgjunni um kjarasamninga og aðgerðir í húsnæðismálum
- 07.04.2019 Formaður HH í viðtali við mbl.is um kjarasamninga og aðgerðir í húsnæðismálum

07.04.2019 Fréttatíminn fjallar um ráðleggingar Vilhjálms Bjarnasonar til lántakenda um lækun greiðslubyrði

07.04.2019 Fréttatíminn birtir aðsenda grein frá Vilhjálmi Bjarnasyni um áhættu og skaðsemi verðtryggðra lána

08.04.2019 Fulltrúar HH sækja aðalfund EAPN á Íslandi (Evrópunet baráttusamtaka gegn fátækt)

08.04.2019 Stjórnarmenn HH sækja kynningarfund VR fyrir félagsmenn um nýgerða kjarasamninga og tengd efni

08.04.2019 Félagsmálaráðherra vísar í viðtali í Bítíð á Bylgjunni til samráðs við HH um húsnæðistillögur stjórnvalda

09.04.2019 Fulltrúar HH sækja fund efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis vegna frumvarpa um stimpilgjöld

10.04.2019 Stjórnarfundur HH nr. 14/2019

11.04.2019 Fulltrúi HH sækir samráðsfund Félags- og barnamálaráðuneytisins um stefnumótun í málefnum barna

16.04.2019 Formaður og erindreki HH funda með starfshópi á vegum utanríkisráðuneytisins um kosti og galla EES

17.04.2019 Ritari og erindreki HH sækja fyrirlestur í HR um þýðingu EES samningsins fyrir neytendamál

20.04.2019 Kjarninn fjallar um frumvarp til laga um félagasamtök til almannaheilla og umsögn HH um frumvarpið

30.04.2019 Fréttabréf HH aprílmánaðar er sent félagsmönnum: Fjallað er um kjaramál, samráð við HH og fleira

01.05.2019 Hagsmunasamtök heimilanna taka þátt í kröfugöngu verkalýðsins með kröfuspjald á lofti

01.05.2019 Stjórn HH hlýddi á kynningu Anne Cecil á rannsókn sinni á Airbnb í Reykjavík

06.05.2019 Morgunblaðið fjallar um umsögn HH um frumvarp um lækun á iðgjaldi til innstæðutryggingasjóðs

07.05.2019 Ritari og erindreki HH sækja fyrirlestur í HR um þýðingu EES samningsins fyrir neytendamál

08.05.2019 Stjórnarfundur HH nr. 15/2019

08.05.2019 Greinargerð lögð fram til Landsréttar í skaðabótamáli HH vegna verðtryggðra neytendalána

09.05.2019 HH senda Alþingi umsögn um þingsályktunartillögu um innleiðingu þriðja orkupakka Evrópusambandsins

09.05.2019 HH senda frá sér fréttatilkynningu um afstöðu til þriðja orkupakka Evrópusambandsins

09.05.2019 Útvarp Saga fjallar á vefsíðu sinni um fréttatilkynningu um afstöðu HH til þriðja orkupakka ESB

10.05.2019 Fréttatíminn fjallar á vefsíðu sinni um fréttatilkynningu um afstöðu HH til þriðja orkupakka ESB

13.05.2019 Fulltrúar HH funda með þingflokki Framsóknarflokksins í Alþingishúsinu um málefni heimilanna

16.05.2019 Grein formanna HH og VR: "10 ára dómur" er mest lesna greinin á Visir.is

16.05.2019 RÚV fjallar á vefsíðu sinni um afstöðu HH til þriðja orkupakka ESB samkvæmt umsögn um málið

16.05.2019 Fulltrúar HH funda með fulltrúum Neytendasamtökanna um neytendavernd á fjármálamarkaði

21.05.2019 HH senda umsögn í samráðsgátt um frumvarp um breytingar á lögum um almennar íbúðir

22.05.2019 Stjórnarfundur HH nr. 17/2019

23.05.2019 Varaformaður HH í viðtali í bæjarblaðinu Mosfellingur - "Það er margt sem þarf að breytast "

28.05.2019 Fulltrúi HH sækir fund félagsmálaráðuneytisins í stefnumótunarvinnu í málefnum barna

02.06.2019 Fréttabréf HH maímánaðar sent félagsmönnum um mánaðamótin maí/júní

04.06.2019 Formaður og varaformaður HH í viðtali hjá Markúsi Þórhallssyni á Útvarpi Sögu

04.06.2019 HH halda opinn spjallfund fyrir félagsmenn

06.06.2019 HH senda Alþingi umsögn um þingmannafrumvarp um nýtingu séreignarsparnaðar til húsnæðiskaupa

06.06.2019 HH senda Alþingi umsögn um ráðherrafrumvarp um nýtingu séreignarsparnaðar til húsnæðiskaupa

07.06.2019 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um bættar réttarstöðu leigjenda í starfsmannahúsnæði

11.06.2019 HH senda frá sér fréttatilkynningu um rangar upplýsingar sem Alþingi fékk um nauðungarsölur

11.06.2019 Eyjan/DV fjallar um fréttatilkynningu HH um rangar upplýsingar sem Alþingi fékk um nauðungarsölur

11.06.2019 Hringbraut fjallar um fréttatilkynningu HH um rangar upplýsingar sem Alþingi fékk um nauðungarsölur

11.06.2019 Fréttatíminn fjallar um fréttatilkynningu HH um rangar upplýsingar sem Alþingi fékk um nauðungarsölur

12.06.2019 Formaður HH í viðtali í þættinum Harmageddon á X-inu um nauðungarsölur og stöðu heimilanna almennt

12.06.2019 Neytendastofa birtir ákvörðun í máli félagsmanns HH vegna ólöglegra skilmála um vaxtaendurskoðun

12.06.2019 Stjórnarfundur HH nr. 18/2019

13.06.2019 Visir.is birtir grein formanns HH með fyrirsögnina "Þetta er víst honum að kenna!"

13.06.2019 Landsréttur veitir leyfi til áfrýjunar að nýju í máli félagsmanns um eignarrétt á týndu veðskuldabréfi

13.06.2019 HH senda Alþingi umsögn um þingsályktunartillögu um starfshóp um útgáfu öruggra opinberra skilríkja

13.06.2019 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um húsnæðisbætur fyrir námsmenn og fatlað fólk

13.06.2019 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um rýmri skilyrði stuðnings til kaupa á fyrstu íbúð

13.06.2019 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um undanþágu almannaheillasamtaka frá fjármagnstekjuskatti

13.06.2019 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um eignarhald og lýðræði í lífeyrissjóðum

13.06.2019 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um félög til almannaheilla

13.06.2019 HH senda Alþingi umsögn um þingsályktunartillögu um aukið lýðræði og gagnsæi í lífeyrissjóðum

19.06.2019 Ríkislögmaður skilar greinargerð til Landsréttar í skaðabótamáli HH vegna verðtryggðra neytendalána

20.06.2019 Beiðni um skýrslu um framkvæmd fullnustugerða vegna ábendinga HH samþykkt á Alþingi

20.06.2019 Mannréttindadómstóll Evrópu hafnar málskoti HH vegna gengistryggðra lána og fellir málið niður

20.06.2019 Fulltrúi HH sækir vinnufund þingmannanefndar í málefnum barna á Hilton Nordica

22.06.2019 Kjarninn fjallar um skýrslubeiðni um framkvæmd fullnustugerða og misvísandi tölur um nauðungarsölur

24.06.2019 HH senda erindi til Fjármálaeftirlitsins vegna ákvörðunar Neytendastofu um ólöglegar vaxtabreytingar

24.06.2019 HH senda kvörtun til Neytendastofu yfir skilmálum og vaxtabreytingu Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

24.06.2019 HH senda frá sér fréttatilkynningu um neytendarétt og ólöglegar vaxtabreytingar

24.06.2019 Hringbraut fjallar um fréttatilkynningu HH um ákvörðun Neytendastofu um vaxtaendurskoðunarskilmála

26.06.2019 Kjarninn fjallar um misræmi í tölum um nauðungarsölur sem er til athugunar í dómsmálaráðuneytinu

08.07.2019 HH áfrýja ákvörðun Neytendastofu nr. 27/2019 um vaxtaskilmála og krefjast banns við vaxtahækkun

11.07.2019 Fréttatíminn greinir frá ákalli HH á facebook um sögur um lögbrot í fullnustugerðum sýslumanna

19.07.2019 HH senda umsögn í samráðsgátt um áform um breytingu á lögum um stofn fjármagnstekjuskatts

31.07.2019 HH senda umsögn í samráðsgátt um áform um varnir gegn hagsmunaárekstrum æðstu valdhafa

06.08.2019 HH senda umsögn í samráðsgátt um drög að frumvarpi til laga um Húsnæðis- og mannvirkjastofnun

07.08.2019 HH senda umsögn í samráðsgátt um drög að frumvarpi um Stuðningssjóð íslenskra námsmanna

09.08.2019 Erindreki HH ræðir í hádegisviðtalinu á Útvarpi Sögu um ýmsar hliðar neytendaréttar

14.08.2019 Stjórnarfundur HH nr. 19/2019

16.08.2019 HH senda umsögn í samráðsgátt um áform um breytingu á lögum um neytendalán

19.08.2019 HH kæra dómsmálaráðuneytið til úrskurðarnefndar um upplýsingamál fyrir að svara ekki ítrekaðri beiðni

20.08.2019 Visir.is birtir grein eftir formann og varaformann HH um leiðréttingu á rangfærslum um eftirmála hrunsins

22.08.2019 Stjórnarfundur HH nr. 20/2019

26.08.2019 HH senda frá sér fréttatilkynningu um úrskurð úrskurðarnefndar lögmanna vegna innheimtu smálána

26.08.2019 Mbl.is fjallar um fréttatilkynningu HH um úrskurð úrskurðarnefndar lögmanna vegna innheimtu smálána

26.08.2019 HH senda umsögn í samráðsgátt um áform um varnarlínu um hlutfall fjárfestingarbankastarfsemi

26.08.2019 HH senda tvær umsagnir í samráðsgátt um áform vegna stuðnings stjórnvalda við gerð kjarasamninga

30.08.2019 Kjarninn fjallar um frumvarp um takmarkanir á verðtryggingu og þar á meðal umsögn HH um málið

30.08.2019 Vilhjálmur Bjarnason fyrrverandi Alþingismaður skrifar óskiljanlegar dylgjur um HH í Morgunblaðsgrein

29.08.2019 Stjórnarfundur HH nr. 21/2019

05.09.2019 Stjórnarfundur HH nr. 22/2019

09.09.2019 Visir.is birtir grein eftir formann HH og formann VR um uppruna ofsahagnaðar bankanna frá hruni

09.09.2019 Eyjan/DV fjallar um grein formanna HH og VR á visir.is um uppruna ofsahagnaðar bankanna frá hruni

09.09.2019 Hringbraut fjallar um grein formanna HH og VR á visir.is um uppruna ofsahagnaðar bankanna frá hruni

12.09.2019 Stjórnarfundur HH nr. 23/2019

16.09.2019 Fulltrúi stjórnar mætti á alþjóðlega ráðstefnu í HÍ um uppbyggingu velsældarhagkerfa

16.09.2019 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga 2020

16.09.2019 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um tekjuskatt o.fl.

16.09.2019 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um afnám stimpilgjalds vegna kaupa á íbúðarhúsnæði

16.09.2019 HH senda Alþingi umsögn um þingsályktunartillögu um valfrjálsa bókun við alþjóðamannréttindasamning

16.09.2019 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um afnám fjármagnstekjuskatts á félög til almannaheilla

16.09.2019 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um afnám laga um stimpilgjald

17.09.2019 Hagfræðingur SFF svarar grein formanna HH og VR um hagnað bankanna o.fl. með grein í Fréttablaðinu

19.09.2019 Stjórnarfundur HH nr. 24/2019

20.09.2019 Formaður HH ásamt meðstjórnanda og erindreka funda með heimildargerðarmönnum á vegum Sagafilm

24.09.2019 Ólafur Ísleifsson þingmaður leggur frumvarp HH um breytingar á innheimtulögum fram á Alþingi

24.09.2019 HH senda umsögn í samráðsgátt um drög að frumvarpi um breytingu á lögum um neytendalán

24.09.2019 HH senda umsögn í samráðsgátt um drög að reglugerð um viðurkenningu úrskurðaraðila á neytendasviði

25.09.2019 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð (rýmri skilyrði)

25.09.2019 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um rökstuðning við málskostnaðarákvarðanir í einkamálum

26.09.2019 HH senda Alþingi umsögn um þingsályktunartillögu um valfrjálsa bókun við barnasáttmála SP

26.09.2019 Stjórnarfundur HH nr. 25/2019

26.09.2019 Fulltrúar HH funda með fulltrúum VR og Neytendasamtakanna um lögbannsmál vegna smálánainnheimtu

27.09.2019 HH senda frá sér fréttatilkynningu með gagnrýni á fjarstæðukennda dómsúrlausn í máli neytanda

27.09.2019 Eyjan/DV fjallar um fréttatilkynningu HH með gagnrýni á dómsúrlausn í máli neytanda

28.09.2019 Fulltrúum HH boðið á frumsýningu myndarinnar PUSH sem fjallar um fjármálavæðingu húsnæðismarkaði

30.09.2019 Samtökin sækja um styrk hjá Félagsmálaráðuneytinu af safnliðum fjárlaga fyrir rekstri samtakanna

01.09.2019 Fulltrúar HH sækja opin fyrirlestur á vegum HÍ: Í víglínu íslenskra stjórn mála eftir Svein Harald Øygard

02.09.2019 Fulltrúar HH funda með Svein Harald Øygard, fyrrverandi seðlabankastjóra

02.10.2019 Fulltrúi HH sækir ráðstefnu í Hörpu á vegum Félagsmálaráðuneytisins um málefni barna

03.10.2019 Fulltrúar HH sækja fund Norræna félagsins: Hrunið, endurreisnin og Norðurlöndin. Vinir í raun eða hvað?

03.10.2019 Stjórnarfundur HH nr. 26/2019

06.10.2019 Fréttabréf sent til félagsmanna til að kynna fögnuð 7. október vegna tíu ára starfsemi HH 2009-2019

07.10.2019 Hagsmunasamtök heimilanna fagna 10. afmælisári og opnun nýrrar vefsíðu - Neytendatorg.is

07.10.2019 Formaður HH í viðtali í Bítíð á Bylgjunni í tilefni af 10. afmælisári og opnun Neytendatorgs

07.10.2019 Fréttatíminn birtir pistil eftir Ragnar Þór Ingólfsson formann VR með afmælikveðju til HH

07.10.2019 Formaður og erindreki HH í hádegisviðtalinu á Útvarpi Sögu í tilefni af 10. afmælisári og Neytendatorgi

07.10.2019 Bein útsending frá opnun Neytendatorgs í kvöldfréttum Stöðvar 2 og viðtal við varaformann HH

08.10.2019 Fulltrúar HH sækja kynningarfund Félagsmálaráðuneytisins um úthlutun styrkja af safnliðum fjárlaga

08.10.2019 Morgunblaðið fjallar um 10 ára afmælishátíð HH og opnun Neytendatorgs

08.10.2019 Styrmir Gunnarsson skrifar um 10 ára afmælishátíð HH og opnun Neytendatorgs

08.10.2019 Eyjan/DV fjallar um skrif Styrmis Gunnarssonar um 10 ára afmælishátíð HH og opnun Neytendatorgs

08.10.2019 Vísir.is fjallar um vaxtakjör á fjármálamarkaði í kjölfar fyrri fréttar og vegna ábendinga varaformanns HH

09.10.2019 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um samtök til almannaheilla með starfsemi yfir landamæri

09.10.2019 Fulltrúar HH funda með Félags- og barnamálaráðherra Ásmundi Einari Daðasyni

09.10.2019 HH senda frá sér fréttatilkynningu um frumvarp um samtök til almannaheilla með starfsemi yfir landamæri

10.10.2019 Stjórnarfundur HH nr. 27/2019

11.10.2019 HH birta frétt á nýrri vefsíðu um opnun hennar og viðburðinn 7. október: Opnun Neytendatorgs

13.10.2019 RÚV.is greinir frá umsögn HH um frumvarp um samtök til almannaheilla með starfsemi yfir landamæri

17.10.2019 Stjórnarfundur HH nr. 28/2019

18.10.2019 HH senda umsögn í samráðsgátt um frumvarpsdrög vegna samvinnu EES-stjórnvalda um neytendavernd

21.10.2019 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp til laga um félög til almannaheilla

21.10.2019 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um ráðherraábyrgð og upplýsingaskyldu ráðherra

21.10.2019 HH senda Alþingi umsögn um breytingu á lögum um neytendalán í tengslum við aðgerðir vegna smálána

24.10.2019 Óskað er eftir því að leitað verði ráðgefandi álits í skaðabótamáli HH vegna verðtryggðra neytendalána

24.10.2019 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um gjaldfrjálsa rafræna útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs

24.10.2019 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um eignarhald og lýðræði í lífeyrissjóðum

24.10.2019 HH senda Alþingi umsögn um þingsályktunartillögu um aukid lýðræði og gagnsæi í lífeyrissjóðum

24.10.2019 Stjórnarfundur HH nr. 29/2019

28.10.2019 Fulltrúar HH funda með nefnd um endurskoðun á fyrirkomulagi úrskurðarnefnda á fjármálamarkaði

29.10.2019 Tilkynnt að áfrýjunarnefnd neytendamála vísi kvörtun HH yfir vaxtaskilmálum til endurtekinnar meðferðar

31.10.2019 Stjórnarfundur HH nr. 30/2019

04.11.2019 HH sækja um styrk af safnliðum fjárlaga hjá Félagsmálaráðuneytinu, með greinargerð um starfsemi HH

07.11.2019 Fulltrúar HH sækja fund efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis um almannaheillafélög og neytendalán

07.11.2019 Stjórnarfundur HH nr. 31/2019

08.11.2019 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um samvinnu stjórnvalda innan EES um neytendavernd

21.11.2019 Stjórnarfundur HH nr. 32/2019

27.11.2019 Fulltrúar HH sækja Húsnæðisþing 2019

28.11.2019 Stjórnarfundur HH nr. 33/2019

29.11.2019 HH senda beiðni til Félagsmálaráðuneytisins um samráð við starfshóp um endurskoðun neysluviðmiða

29.11.2019 Fulltrúar HH funda með Ragnari Þór Ingólfssyni formanni VR um aðgerðir í húsnæðismálum

03.12.2019 Fulltrúar HH sækja fund allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um eftirlit á sviði neytendaverndar

05.12.2019 Visir.is birtir grein eftir formann HH um spillingu, misgjörðir við heimilin og þörf fyrir rannsóknarskýrslu

06.12.2019 Ólafur Ísleifsson þingmaður leggur uppfært og endurbætt lykklafrumvarp HH fram á Alþingi

06.12.2019 Neytendatorg HH birtir grein eftir formann HH: Æ, æ og úps! (birtist einnig á www.visir.is)

09.12.2019 Formaður HH fundar með formanni og varaformanni ÖBÍ

11.12.2019 Fulltrúar HH funda með dómsmálaráðherra og embættismönnum ráðuneytisins um málefni heimilanna

17.12.2019 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp til laga um breytingu á innheimtulögum (leyfisskylda)

17.12.2019 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp til laga um starfsemi smálánafyrirtækja

19.12.2019 Fréttabréf sent til félagsmanna með hátíðarkveðju á tímamótum í starfsemi samtakanna 2009-2019

22.12.2019 Grein formanna HH og VR "Hvaðan komu 650 þúsund milljónir?" er 5. mest lesni pistill ársins á visir.is

25.12.2019 Ólafur Ísleifsson þingmaður fjallar í áramótagrein um lykklafrumvarp HH, verðtryggingu og fleira

30.12.2019 HH senda umsögn í samráðsgátt um áform um breytingu á lögum um stimpilgjald

06.01.2020 Neytendastofa birtir ákvarðanir um ólögætti vaxtaendurskoðunar LSR og LIVE samkvæmt kvörtun HH

09.01.2020 Undirbúningsþinghald í Landsrétti vegna skaðabótamáls HH vegna verðtryggðra neytendalána

09.01.2020 Stjórnarfundur HH nr. 1/2020

15.01.2020 Neytendatorg HH birtir viðvörðun til neytenda vegna skilmála um breytilega vexti neytendalána

16.01.2020 Stjórnarfundur HH nr. 2/2020

17.01.2020 Landsréttur synjar beiðni um ráðgefandi álit í skaðabótamáli vegna verðtryggðra neytendalána

20.01.2020 HH beina fyrirspurn til dómsmálaráðherra um gjaldþrotalög og fyrningu í kjölfar fundar með ráðherra

20.01.2020 HH senda umsögn í samráðsgátt um drög að frumvarpi um breytingu á lögum um stimpilgjald

21.01.2020 Ólafur Ísleifsson þingmaður mælir fyrir lykklafrumvarpi Hagsmunasamtaka heimilanna á Alþingi

22.01.2020 Ólafur Ísleifsson þingmaður í viðtali hjá Reykjavík síðdegis á Bylgjunni um lykklafrumvarp HH

22.01.2020 Fréttabréf sent til félagsmanna um félagsfund og fyrirhugaða lengingu á fyrningu krafna eftir gjaldþrot

23.01.2020 Stjórnarfundur HH nr. 3/2020

24.01.2020 Fulltrúar HH funda með Helga Hrafni Gunnarssyni þingmanni Pírata um ýmis málefni samtakanna

27.01.2020 Fulltrúar HH í viðtali á Útvarpi Sögu um málefni heimilanna og félagsfund um kvöld sama dags

27.01.2020 Fulltrúar HH funda með þingflokki Framsóknarflokksins í Alþingishúsinu um málefni heimilanna

27.01.2020 Hagsmunasamtök heimilanna halda félagsfund í fundarsal í Mjóddinni í Reykjavík

28.01.2020 Formaður HH birtir opið bréf til félagsmálaráðherra og ríkisstjórnar Íslands - 5 milljarða umboðsmaður

28.01.2020 Visir.is birtir grein eftir formann HH um fjárveitingar til umboðsmanns skuldara og neytendavernd

29.01.2020 HH senda Alþingi umsögn um tillögu um fjögurra ára áætlun um ýmis mál til hagsbóta fyrir neytendur

29.01.2020 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um aukinn aðgang að ársreikningaskrá og hlutafélagaskrá

29.01.2020 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um Endurupptökudóm sem komi í stað endurupptökunefndar

29.01.2020 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um varnir gegn hagsmunaárekstrum í Stjórnarráði Íslands

04.02.2020 Undirbúningsþinghald í Landsrétti fyrir skaðabótamál HH vegna verðtryggðra neytendalána

04.02.2020 Fulltrúar HH funda með formanni VR um útfærslu aðgerða í húsnæðismálum vegna lífsskjarasamninga

06.02.2020 Formaður HH í viðtali í Morgunútvarpinu á Rás 2 um fjármögnun neytendaverndar á fjármálamarkaði

06.02.2020 Stjórnarfundur HH nr. 4/2020

09.02.2020 Fréttatíminn vitnar í skrif formanns HH í tengslum við umfjöllun um fullnustueignir fjármálafyrirtækja

11.02.2020 Umboðsmaður skuldara bregst við gagnrýni HH í viðtali í Morgunútvarpinu á Rás 2

11.02.2020 Fundarboð vegna aðalfundar 2020 sent til félagsmanna Hagsmunasamtaka heimilanna

11.02.2020 HH senda alþingismönnum áskorun um Rannsóknarskýrslu heimilanna áður en bankar verði seldir

12.02.2020 Fréttatíminn birtir áskorun HH um gerð Rannsóknarskýrslu heimilanna áður en bankar verði seldir

12.02.2020 Fréttatíminn fjallar um áskorun HH um gerð Rannsóknarskýrslu heimilanna áður en bankar verði seldir

13.02.2020 HH senda Alþingi umsögn um þingsályktunartillögu um niðurfellingu ábyrgða á eldri námslánum

13.02.2020 HH senda Alþingi umsögn um þingsályktunartillögu um starfshóp um útgáfu örugggra opinberra skilríkja

13.02.2020 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp til laga um Menntasjóð námsmanna

13.02.2020 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp til laga um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja

13.02.2020 HH senda Alþingi umsögn um svokallað lyklafrumvarp (nauðungarsala og eftirstöðvar)

13.02.2020 HH senda Alþingi umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um stimpilgjald

13.02.2020 Stjórnarfundur HH nr. 5/2020

17.02.2020 Ólafur Ísleifsson þingmaður mælir fyrir frumvarpi HH um breytingar á innheimtulögum á Alþingi

18.02.2020 Formaður HH tekur við styrk frá Félags- og barnamálaráðherra til neytendaverndar á fjármálamarkaði

19.02.2020 Erindreki HH sækir málþing réttarfarsstofnunar HR um frumvarp um endurupptökudóm

19.02.2020 Fulltrúar HH sækja fund allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um frumvarp um endurupptökudóm

19.02.2020 HH senda umsögn í samráðsgátt um frumvarp um breytingar á lögum fasteignalán og neytendalán

20.02.2020 Stjórnarfundur HH nr. 6/2020

25.02.2020 Aðalfundur Hagsmunasamtaka heimilanna 2020

ÁRSREIKNINGUR 2019

- fyrir aðalfund 25. febrúar 2020

Hagsmunasamtök Heimilanna

-Stöndum vörð um heimilin sem grunnstoð samfélagsins



www.heimilin.is - heimilin@heimilin.is

Ársreikningur 2019
Hagsmunasamtök heimilanna
kt. 520209-2120

Ársreikningur 2019

Hagsmunasamtök heimilanna

kt. 520209-2120

Efnisyfirlit:

Áritun bókhaldsstofu.....	3
Áritun stjórnar og skoðunarmanna.....	4
Rekstrarreikningur.....	5
Efnahagsreikningur.....	6-7
Skýringar.....	8-9
Sundurliðanir með ársreikningi.....	10-11

Áritun bókhaldsstofu

Til stjórnar í Hagsmunasamtökum heimilanna:

Undirritaður hefur aðstoðað við að semja ársreikning fyrir Hagsmunasamtök heimilanna, vegna ársins 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrar- og efnahagsreikning ásamt sundurliðun, skýringum sem og samanburð við fyrra ár. Ársreikningurinn er síðan hluti af starfsskýrslu stjórnar til félagsmanna.

Reikningurinn er byggður á bókhaldi samtakanna og öðrum upplýsingum. Ársreikningurinn er í samræmi við lög, samþykktir samtakanna og góða reikningsskilavenju á Íslandi. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórn samtakanna og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur.


Við ársreikningagerðina var leitast við að leiða fram með glöggum hætti rekstur og efnahag samtakanna og við þá vinnu voru framkvæmdar þær skoðanir á bókhaldi og uppgjörum fyrri ára sem talið var nauðsynlegt. Jafnframt var bókhald, staða bankareikninga, uppgjör á ógreiddum kostnaði og launatengdum gjöldum skoðað í byrjun árs 2020 og stemmt af, til að sannreyna áramótastöður ársreikningsins.

Vísað er í skýringar og sundurliðanir varðandi einstaka liði uppgjörins.

Framsetning ársreikningsins er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju og allar upplýsingar sem mér eru kunnar og ég tel skipta máli koma þar fram.

Hafnarfirði, 21. febr. 2020,

Alþjóðaviðskipti ehf., bókhaldsþjónusta,



Jón Helgi Óskarsson,
viðurkenndur bókarí.

Áritun stjórnar og skoðunarmanna

Undirritun stjórnar Hagsmunasamtaka heimilanna

Kjörnir stjórnarmenn Hagsmunasamtaka heimilanna, tímabilið 26. febrúar 2019 til 25. febrúar 2020, staðfesta hér með ársreikning samtakanna fyrir árið 2019, með undirritun sinni.

Vísað er til skýrslu stjórnar um liðið starfsár, sem fylgir með ársreikningi þessum til aðalfundar.

Hafnarfirði, 21. febr. 2020,
í stjórn Hagsmunasamtaka heimilanna starfsárið 2019 til 2020:

Ásthildur Lóa Þórsdóttir,
formaður,

Vilhjálmur Bjarnason,
varaformaður,

Guðrún Bryndís Harðardóttir,
gjaldkeri,

Einar Valur Ingimundarson,
ritari,

Guðrún Indriðadóttir
meðstjórnandi,


Hafþór Ólafsson,
meðstjórnandi,


Róbert Þ. Bender
meðstjórnandi.

Undirritun kjörinna skoðunarmanna Hagsmunasamtaka heimilanna

Skoðunarmenn Hagsmunasamtaka heimilanna, undirrita hér með án athugasemda ársreikning samtakanna fyrir rekstrarárið 2019.

Hafnarfirði, 21. febr. 2020,


Sigfríð Gerður Hallgrímsdóttir,
skoðunarmaður,


Sólveig Sigurgeirsdóttir,
skoðunarmaður.

Rekstrarreikningur

	Skýr.	2019	2018
Tekjur:			
Félagsgjöld	7	9.185.176	7.909.924
Framlög og styrkir	8	1.589.500	1.830.500
Sérstök fjáröflun	9	2.194.600	2.909.000
Málskostnaðarstyrkir	10	432.400	298.000
Tekjur af útseldri þjónustu	11	2.000	186.000
Aðrar tekjur	12	0	471.290
		<u>13.403.676</u>	<u>13.604.714</u>
Gjöld:			
Aðkeypt vinna til endursölu	13	0	93.000
Aðkeypt vinna vegna fjáröflunar	14	0	240.554
Þjónustugjöld banka og kortafyrirtækis vegna fjáröflunar		190.975	254.256
Annar kostnaður v/fjáröflunar		0	13.250
Bankakostnaður v/innheimtu félagsgjalda		533.083	556.611
Annar kostnaður v/innheimtu félagsgjalda		0	0
Laun og launatengd gjöld	6/17	7.387.368	6.184.158
Málskostnaðarstyrkir	16	120.487	300.000
Lögfræðikostnaður	18	1.637.572	4.527.100
Þýðingar		273.580	0
Auglýsingar		285.200	676.344
Húsaleiga		564.000	564.000
Kannanir og rannsóknir		0	0
Árgjöld til samstarfsfélaga	15	25.000	25.000
Annar rekstrarkostnaður	19	1.041.725	922.178
		<u>12.058.990</u>	<u>14.356.451</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):			
Vaxtatekjur og aðrar fjármunatekjur		344.983	300.060
Vaxtagjöld og önnur fjármagnsgjöld	20	(6.733)	(8.923)
		<u>338.250</u>	<u>291.137</u>
Skattar- og gjöld:			
Álagður fjármagnstekjuskattur v/vaxta fyrra árs	5	(66.013)	(65.755)
Uppgjör eldri fjármagnstekjuskatts v/vaxta	5	0	0
Rekstrarafgangur (tap) ársins		<u>1.616.923</u>	<u>(526.355)</u>

Efnahagsreikningur

	Skýr.	2019	2018
Eignir			
Veltufjármunir:			
Fyrirframgreiddur fjármagnstekjuskattur	5	75.873	65.997
Útistandandi kröfur og aðrar skammtímakröfur	3/5	0	1.968
Bankainnstæður í árslok	4/21	15.994.798	13.554.219
Veltufjármunir alls		<u>16.070.671</u>	<u>13.622.184</u>
Eignir samtals		<u>16.070.671</u>	<u>13.622.184</u>

pr. 31. desember

	Skýr.	2019	2018
Skuldir og handbært fé			
Handbært fé:			
Óráðstafað handbært fé félagssjóðs		10.878.570	10.967.629
Óráðstafað handbært fé málskostnaðarsjóðs	4	163.805	150.125
Óráðstafað handbært fé fjáröflunarsjóðs	4	3.832.834	2.140.532
Annað óráðstafað handbært fé	4	0	0
Óráðstafað handbært fé alls		<u>14.875.209</u>	<u>13.258.286</u>
Skammtímaskuldir:			
Ógreiddur kostnaður		432.044	200.352
Ógreidd laun og launatengd gjöld	6/17	763.398	163.526
Aðrar skammtímaskuldir	5	20	20
Skammtímaskuldir alls		<u>1.195.462</u>	<u>363.898</u>
Skuldir alls		<u>1.195.462</u>	<u>363.898</u>
Skuldir og óráðstafað handbært fé samtals		<u>16.070.671</u>	<u>13.622.184</u>

Skýringar

Reikningskilaaðferðir

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög og góða reikningskilavenju. Einstakir liðir rekstrar og efnahags eru sundurliðaðir hér fyrir aftan en aðrar reikningskilaaðferðir sem snerta einstök efnisatriði ársreikningsins eru tilgreindar í skýringum hér á eftir:

Fastafjármunir og áhættufjármunir

2. Félagið á enga varanlega rekstrarfjármuni í árslok 2019.

Skammtímakröfur

3. Meðal skammtímakrafna í árslok er að finna kröfu vegna fyrirframgreiðslu skatta.

Handbært fé

4. Greining á handbæru fé: Heildar óráðstafað handbært fé í árslok 2019 nemur kr. 14875209.

	Óráðstafað handbært fé	Samanburður við fyrra ár
Óráðstafað handbært fé, yfirfært f.f. ári	13.258.286	13.784.641
Rekstrarafgangur (tap) ársins	1.616.923	-526.355
	<u>14.875.209</u>	<u>13.258.286</u>

Þar af greinist fjáröflunarreikningur með eftirfandi hætti

	Sundurliðun	Árið 2018
Staða fjáröflunar, yfirfærð frá fyrra ári	2.194.084	734.585
Innborganir frá styrktaraðilum	2.194.600	2.909.000
Útistandandi krafa á kortahirði	0	-1.968
Innborguð eldri krafa á kortahirði	1.968	0
Posaleiga	-32.712	-32.952
Skuld við félagssjóð v.posaleigu	26.860	32.952
Bankakostnaður v.innheimtu	-155.727	-217.032
Þóknun og kostnaður kortafyrirtækis	-2.536	-4.272
Aðkeypt bókhalds- og skrifstofuvinna	0	-240.554
Annar kostnaður	0	-13.250
Aðrar (-kröfur) skuldir við félagssjóð	-133.300	13.250
Endurgreidd skuld við félagssjóð f.f.ári	-55.520	0
Lögfræðikostn. v/Hæstaréttarmál 636/2017 ...	-235.600	-715.100
Veittir málsóknarstyrkir	-120.487	-300.000
Innvextir	57.377	37.719
Greiddur fjármagnstekjuskattur	-12.613	-8.294
	<u>3.726.394</u>	<u>2.194.084</u>
Óuppgert við félagssjóð v.posaleiga	-26.860	-41.190
Annað óuppgert við félagssjóð	133.300	-14.330
Útistandandi krafa	0	1.968
Óráðstafað fé fjáröflunarsjóðs:	<u>3.832.834</u>	<u>2.140.532</u>

Þar af greinist málskostnaðarsjóður með eftirfarandi hætti:

	Sundurliðun	Árið 2018
Málskostnaðarsjóður, yfirfært frá fyrra ári	150.125	2.244.067
Framlag úr félagssjóði	1.010.000	400.000
Innborgaðir styrkir	432.400	298.000
Innvextir bankareiknings	2.890	25.709
Greiddur fjármagnstekjuskattur	-630	-5.651
Greiddur þýðingarkostnaður	-273.580	0
Greiddur lögfræðikostnaður	-1.157.400	-2.812.000
Staða málskostnaðarsjóðs skv. banka í árslok:	<u>163.805</u>	<u>150.125</u>
Óuppgert við félagssjóð v.útl. málskostn.	0	0
Óráðstafað fé málskostnaðarsjóðs:	<u>163.805</u>	<u>150.125</u>

Skýringar

Skattamál

5. Fyrirframgreiddur fjármagnstekjuskattur kr. 75873, mun ganga upp í álagningu skattsins pr. 1. okt. 2020. Í árslok 2019, eru kr. 20 ógreiddar vegna álagðs fjármagnstekjuskatts vegna 2017.

Starfsmannamál

6. Tveir starfsmenn voru á launaskrá hjá samtökunum á árinu í 30-50% starfshlutföllum, (2x50% frá og með ágúst). Samtals fjöldi greiddra vinnustunda á árinu jafngildi 0,82 stöðugildi (0,73 árið áður). Stjórnarstörf eru ólaunuð samanber 9. grein samþykka samtakanna. Um laun og launatengd gjöld vísast að öðru leyti til sundurliðana með ársreikningi.

Sundurliðanir með ársreikningi

	Skýr.	2019	2018
7. Félagsgjöld:			
Félagsgjöld, 2019 @4.900 (1780 greiðslur)		8.722.000	0
Félagsgjöld, 2018 @3.500 (117/2042 alls 2159 greiðslur)		409.500	7.147.000
Félagsgjöld, 2018, hlutagreiðslur (alls 1 félagsgj.)		3.476	24
Félagsgjöld, 2017 @3.500 (0/183, alls 2018 greiðslur)		0	640.500
Félagsgjöld, 2016 @3.500 (0/0, alls 2149 greiðslur)		0	0
Félagsgjöld, 2015 og eldri @2.400 (24/51 greiðslur)		60.000	122.400
Endurgreidd og afskrifuð félagsgjöld		(9.800)	0
Félagsgjöld alls:		9.185.176	7.909.924
8. Framlög og styrkir:			
Framlög frá einstaklingum		39.500	20.500
Framlög frá ríkissjóði		1.500.000	1.500.000
Framlög frá sveitarfélögum		0	0
Framlög frá stéttarfélögum		50.000	300.000
Framlög frá öðrum aðilum (lögaðilum)		0	10.000
Framlög og styrkir alls:		1.589.500	1.830.500
9. Sérstök fjáröflun (bakhjarlar HH):			
Fjáröflun frá einstaklingum		1.989.600	2.612.000
Fjáröflun frá lögaðilum		55.000	45.000
Fjáröflun með boðgreiðslum		150.000	252.000
Fjáröflun alls:	4	2.194.600	2.909.000
10. Málskostnaðarstyrkir:			
Málskostnaðarstyrkir frá einstaklingum		417.400	298.000
Málskostnaðarstyrkir frá öðrum		15.000	0
Málskostnaðarstyrkir alls:	4	432.400	298.000
11. Tekjur af útseldri þjónustu:			
Þjónustutekjur vegna endurútreikninga		2.000	186.000
Tekjur af útseldri þjónustu alls:		2.000	186.000
12. Aðrar tekjur:			
Niðurfelldar eldri skuldir við lánardrottna		0	471.290
Aðrar tekjur alls:		0	471.290
13. Aðkeypt vinna til endursölu:			
Aðkeypt vinna án vsk		0	93.000
Aðkeypt vinna til endursölu alls:		0	93.000
14. Aðkeypt vinna vegna fjáröflun:			
Aðkeypt vinna við fjáröflun án vsk		0	0
Aðkeypt skrifstofuvinna v.fjáröflun		0	213.894
Aðkeypt bókhaldsvinna við fjáröflun		0	26.660
Aðkeypt vinna við fjáröflun alls:		0	240.554
15. Árgjöld til samstarfsaðila:			
Árgjald til EAPN		25.000	25.000
Árgjöld til samstarfsaðila alls:		25.000	25.000
16. Málskostnaðarstyrkir vegna félagsmanna:			
Styrkir út fjáröflunarsjóði til félagsmanna:		120.487	300.000
Styrkir úr fjáröflunarsjóði alls:		120.487	300.000

Sundurliðanir með ársreikningi

	Skýr.	2019	2018
17. Laun og launatengd gjöld:			
Laun		6.105.252	5.108.050
Launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður		1.282.116	1.076.108
Laun og launatengd gjöld alls:	6	7.387.368	6.184.158
18. Lögfræðikostnaður:			
Lögfræðikostnaður greiddur úr málskostnaðarsjóði		1.319.652	3.812.000
Lögfræðikostnaður greiddur úr fjáröflunarsjóði		235.600	715.100
Lögfræðikostnaður alls:		1.555.252	4.527.100
19. Annar rekstrarkostnaður:			
Gjaldfærð áhöld og tæki		0	0
Aðkeyptur akstur og annar bifreiðakostnaður		14.641	12.137
Símakostnaður		30.885	28.852
Burðargjöld		0	21.195
Pappír, prentun og ritföng		26.861	53.682
Ferðakostnaður		0	0
Þjónusta og rekstur tölvukerfis og heimasíðu		68.800	53.410
Neytendatorg, vinna við hönnun vefsíðu		327.980	266.600
Bókhaldsaðstoð, reikningsskil og uppgjör		345.142	304.486
Fundir og félagsstarf, þ.m.t. fréttabréf		224.256	181.816
Félagsstarf og annar rekstrarkostnaður alls:		1.038.565	922.178
20. Vextir og fjármagnsgjöld:			
Ýmis vaxtagjöld		(2.243)	(3.973)
Þjónustugjöld banka og greiðslukorta		(4.490)	(4.950)
Vextir og önnur fjármagnsgjöld alls:		(6.733)	(8.923)
21. Handbært fé:			
Bankareikningar félagssjóðs hjá Sparisjóði S-Þingeyinga		12.104.599	11.210.010
Fjáröflunarreikningar hjá Sparisjóði S-Þingeyinga	4	3.726.394	2.194.084
Málskostnaðarreikningur hjá Sparisjóði S-Þingeyinga	4	163.805	150.125
Handbært fé alls:		15.994.798	13.554.219

SAMÞYKKTIR 2019

- fyrir aðalfund 25. febrúar 2020

Hagsmunasamtök Heimilanna

-Stöndum vörð um heimilin sem grunnstoð samfélagsins



www.heimilin.is - heimilin@heimilin.is

Eftirfarandi samþykktir voru samþykktar með breytingum á aðalfundi Hagsmunasamtaka heimilanna 27. apríl. 2010, 31. maí 2012, 15. maí 2014, 21. maí 2015, 30. maí 2017 og 20. febrúar 2018. Þær eiga uppruna sinn að rekja til stofnsamþykktta samtakanna frá 15. janúar 2009 með þeim breytingum sem samþykktar voru á aðalfundi 2009.

1. gr. Heiti, varnarþing og félagssvæði

- Samtökin heita Hagsmunasamtök heimilanna, skammstafað HH.
- Heimili samtakanna, skrifstofa og varnarþing er í Reykjavík.
- Félagssvæði samtakanna nær til alls landsins.

2. gr. Forsendur

- Samtökin eru frjáls og óháð stjórnmalaflokkum og öðrum hagsmunaaðilum.
- Samtökin starfa á lýðræðislegum grunni með það að leiðarljósi að félagar hafi jafnan rétt til áhrifa.

3. gr. Tilgangur

- Samtökin eru vettvangur fyrir fólkið í landinu til að verja og bæta hagsmuni heimilanna í landinu.
- Samtökin eru málsvari og talsmaður félagsmanna í umræðu um hagsmuni heimilanna til skemmri og lengri tíma.

4. gr. Markmið

- Markmið samtakanna er að beita sér fyrir lagabreytingum og / eða lagasetningum til varnar og hagsbóta fyrir heimilin í landinu.
- Markmið samtakanna er að stuðla að leiðréttingu veðlána heimilanna vegna forsendubrests, jafna ábyrgð milli lántaka og lánveitenda, bæta réttarstöðu neytenda í lánaviðskiptum og stuðla að réttlátum og sanngjörnum lánskjörum fyrir neytendur.
- Markmið samtakanna er að efla vitund neytenda um réttarstöðu sína og samtakamátt.
- Samtökin vinna að tilgangi sínum og markmiðum eftir öllum lögmætum leiðum og með réttmætum samtakamætti.

5. gr. Aðild og úrsögn

- Aðild að samtökunum er einstaklingsbundin og miðast við að lágmarki 18 ára aldur.
- Umsókn um aðild skal vera skrifleg, til dæmis með rafrænni skráningu á heimasíðu samtakanna, fyllt út á félagsfundi og/eða með öðrum skriflegum sannanlegum hætti. Sama á við um úrsögn úr samtökunum.

6. gr. Aðalfundur

- Starfsár og reikningsár félagsins er almanaksárið.
- Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum samtakanna. Aðalfundur skal halda fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert. Rétt til setu á aðalfundi eiga allir félagsmenn samtakanna. Boða skal til aðalfundar með tölvupósti og opinberri tilkynningu á heimasíðu samtakanna, www.heimilin.is, með minnst 14 daga fyrirvara. Fundargögn skulu vera aðgengileg félagsmönnum minnst 3 dögum fyrir fund. Stjórn er heimilt að verða við óskum félagsmanna um fundarboðun með pósti greiði viðkomandi félagsmaður sendingarkostnað sem hlýst af fundarboðun.
- Framboð til stjórnar skal berast eigi síðar en 7 dögum fyrir aðalfund. Hafi ekki borist nægur fjöldi framboða innan þess frests skal fundarstjóri óska eftir framboðum á aðalfundi.

- Dagskrá aðalfundar skal vera eftirfarandi:
 1. Skýrsla stjórnar
 2. Reikningar félagsins
 3. Lagabreytingar
 4. Kosning stjórnar
 5. Kosning varamanna
 6. Kosning skoðunarmanna
 7. Önnur mál
- Aðalfundur telst löglegur sé rétt til hans boðað. Stjórn er heimilt að bjóða öðrum áheyrn með fundarsetu.
- Á aðalfundi skal stjórn gefa skýrslu ársins um starf og árangur samtakanna.
- Ársreikning skal staðfesta með áritun meirihluta aðalstjórnar að minnsta kosti. Formaður og gjaldkeri skulu ávallt staðfesta ársreikning með áritun sinni. Ársreikning skal leggja fyrir á aðalfundi.
- Heimilt er að halda fundi með rafrænum hætti. Þá er heimilt að atkvæðagreiðsla fari fram með rafrænum hætti.
- Stjórn er heimilt að boða til aukaaðalfundar ef fyrir liggja brýn málefni sem ekki geta beðið reglulegs aðalfundar, eða ef 20% félagsmanna fara fram á slíka boðun með tillögu um dagskrá.

7. gr. Almennir félagsfundir og vinnufundir

- Félagsfundir skulu haldnir svo oft sem stjórn samtakanna telur ástæðu til. Boða skal til félagsfundar með að lágmarki þriggja daga fyrirvara.
- Stjórn skal ætíð boða til félagsfundar innan 14 daga komi fram ósk um það frá meirihluta stjórnarmanna eða 20% félagsmanna.
- Vinnufundir skulu kynntir á heimasíðu félagsins.

8. gr. Afgreiðsla mála

- Á aðalfundum og öðrum félagsfundum ræður einfaldur meirihluti greiddra atkvæða nema annað sé tekið fram í samþykktum þessum. Komi fram ósk um skriflega atkvæðagreiðslu skal orðið við því.
- Heimilt er að atkvæðagreiðsla fari fram með rafrænum hætti. Þá er heimilt að hafa opið fyrir atkvæðagreiðslu í allt að þrjú daga frá lokum fundar.
- Heimilt er stjórn að efna til atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna um málefni án þess að fyrst hafi verið boðað til fundar nema samþykktir kveði á um annað.

9. gr. Stjórn

- Stjórn samtakanna skal skipuð minnst 10 en mest 14 manns, þar af 7 aðalmönnum og 3-7 varamönnum, sem kosnir skulu á aðalfundi samtakanna. Stjórnin kýs sér formann, varaformann, ritara og gjaldkera á fyrsta stjórnarfundum að loknum aðalfundi. Firma félagsins ritar meirihluta stjórnar.
- Stjórnarstörf eru ólaunuð, svo og þau verkefni sem stjórnarmenn taka að sér fyrir samtökin. Þó er heimilt að greiða fyrir útlagðan kostnað sem til fellur vegna rekstrar samtakanna.
- Stjórnin skal koma saman til fundar að minnsta kosti mánaðarlega og skal hún halda fundargerðir. Að öðru leyti kveður stjórnarformaður stjórnina til fundar, þegar honum þykir

- þörf og skylt er honum að boða til fundar í stjórninni þegar tveir stjórnarmenn óska þess.
- Stjórnarmenn skulu boða forföll, komist þeir ekki á stjórnarfund. Nú sækir aðalmaður ekki stjórnarfundi um tveggja mánaða skeið. Fyrirgerir hann sér þá sæti sínu í stjórn, nema um lögmæta ástæðu sé að ræða, tekur sæti síðasta manns í varastjórn og fyrsti varamaður tekur sæti í stjórn í hans stað.

10. gr. Verkefni stjórnar

- Stjórn samtakanna fer með æðsta vald í málefnum þeirra milli aðalfunda. Hún undirbýr aðalfund og aðra félagsfundi. Formaður boðar til stjórnarfunda með sannanlegum hætti. Stjórnarfundir eru lögmætir ef mættur er meirihluti stjórnarmanna.
- Við afgreiðslu mála á stjórnarfundum fer hver stjórnarmaður með eitt atkvæði og ræður einfaldur meirihluti atkvæða. Séu atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns fundarins. Varamaður hefur aðeins tillögurétt á stjórnarfundi nema hann leysi af stjórnarmann.
- Stjórn semur stefnuskrá hvers starfsárs. Stjórn skal hafa yfirumsjón með daglegri starfsemi samtakanna eða ræður sérstakan aðila til þess og til sértækra verkefna.
- Stjórn setur nefndum samtakanna reglur þar sem fram kemur hlutverk nefndanna.
- Fastráðnir starfsmenn samtakanna skulu ekki samhliða gegna trúnaðarstörfum fyrir stjórn málasamtök.
- Í samþykktum þessum eru stjórn málasamtök skilgreind sem flokkar eða samtök sem bjóða fram í kosningum til Alþingis eða sveitarstjórna. Trúnaðarstörf fyrir stjórn málasamtök eru störf í stjórnnum, ráðum og nefndum og önnur sambærileg störf á vegum eða í þágu stjórn málasamtaka. Formlegir talsmenn stjórn málasamtaka, frambjóðendur þeirra, starfsmenn og kjörnir fulltrúar teljast einnig gegna trúnaðarstörfum fyrir stjórn málasamtök.

11. gr. Staðbundnar deildir og nefndir

- Félagsmönnum er heimilt að stofna staðbundnar deildir sem starfa sjálfstætt á ákveðnum svæðum landsins, en þó eftir samþykktum og stefnuskrá samtakanna.
- Innan samtakanna starfa málefna nefndir sem annast upplýsingaöflun, greiningu, úrvinnslu og málefnauppbyggingu einstakra málefna samkvæmt stefnuskrá.
- Stjórn skipar formenn nefnda.
- Stjórn hefur heimild til að skipta út formönnum nefnda ef þurfa þykir.
- Aðeins félagsmenn geta verið nefndarmenn. Nefndarmönnum er þó heimilt að leita sér sérfræðiaðstoðar og álits utan samtakanna.
- Nefndarstörf eru ólaunuð.

12. gr. Fjármál

- Stjórn ber fram tillögur um félagsgjöld til samþykktar á aðalfundi.
- Gjaldkera er heimilt með fyrirfram samþykki stjórnar að endurgreiða stjórnarmönnum eða nefndarmönnum sannanlega útlagðan kostnað vegna sérstakra verkefna í þágu félagsins.
- Stjórn er heimilt að stofna til kostnaðar innan fjárhagsramma samtakanna vegna daglegs reksturs, fundahalda og aðkeyptrar sérfræðiaðstoðar.
- Samtökunum er heimilt að taka við frjálsum fjárframlögum frá öðrum en stjórn málaflokkum / hreyfingum og fjármálastofnunum. Fjárframlög veita fjárveitanda ekki rétt til ítaka eða áhrifa í samtökunum. Samtökunum er heimilt að sækja um styrki í opinbera sjóði.
- Berist samtökunum frjáls fjárframlög er stjórn heimilt, innan fjárframlaga, að stofna til

kostnaðar vegna húsnæðisleigu vegna aðalfunda og almennra félagsfunda og aðkeyptrar sérfræðiaðstoðar, þjónustu eða vöru.

- Á aðalfundi skal kjósa tvo skoðunarmenn úr hópi félagsmanna.

13. gr. Breytingar

- Samþykktum þessum verður ekki breytt nema breytingatillaga hafi verið rædd á aðalfundi og að minnsta kosti 2/3 fundarmanna séu samþykkir tillögunni. Fyrirhuguð breyting skal kynnt í fundarboði og liggja fyrir í fundargögnum.

14. gr. Slit

- Samtökunum verður aðeins slitið með samþykki eftir umræðu á löglega boðuðum aðalfundi.
- Geta skal sérstaklega tillögu um félagsslit í fundarboði. Tillagan telst samþykkt, ef 2/3 hlutar fullgildra félagsmanna eru á aðalfundi og 2/3 fundarmanna greiða tillögunni atkvæði sitt. Ef ekki eru nægilega margir félagsmenn á fundinum, skal boða til aukaaðalfundar innan mánaðar. Við boðun þess fundar skal þess sérstaklega getið, að fyrir fundinum muni liggja tillaga um félagsslit. Á aukaaðalfundi þarf tillagan stuðning 4/5 hluta atkvæðisbærra mættra félaga til að hljóta samþykki óháð mætingu.
- Heimilt er að atkvæðagreiðsla fari fram með rafrænum hætti.
- Verði samtökin lögð niður, skal eignum þeirra ráðstafað til líknarstarfa.

Athugasemdir:

Samþykktir þessar voru lagðar fyrir á stofnfundi Hagsmunasamtaka heimilanna þann 15. janúar 2009 og þar lagt í hendur stjórnar að útfæra frekar og þær samþykktar af stjórn þann 4. febrúar 2009. Á öðrum aðalfundi samtakanna, 27. apríl 2010 voru samþykktar breytingar á 4. grein (Markmið) og 6. grein (Aðalfundur). Á fjórða aðalfundi samtakanna 31. maí 2012 voru samþykktar breytingar á 9. grein (Stjórn) og 10. grein (Verkefni stjórnar). Á sjötta aðalfundi samtakanna 15. maí 2014 voru samþykktar breytingar á 9. grein (Stjórn). Á sjöunda aðalfundi samtakanna 21. maí 2015 var samþykkt að bæta nýrri málsgrein við 6. gr. (Aðalfundur). Á níunda aðalfundi samtakanna 20. maí 2017 var samþykkt breyting á 6. gr. (Aðalfundur). Á tíunda aðalfundi samtakanna 20. febrúar 2018 voru samþykktar breytingar á 9. grein (Stjórn). Samþykktirnar hafa verið uppfærðar til samræmis við þessar breytingar.

TILLAGA AÐ BREYTINGU Á SAMÞYKKTUM

Eftirfarandi tillaga að breytingu á samþykktum Hagsmunasamtaka heimilanna var kynnt í fundarboði aðalfundar samtakanna 2020 og verður því tekin til afgreiðslu á aðalfundi.

- Núverandi 2. mgr. 9. gr. svohljóðandi:
 - Stjórnarstörf eru ólaunuð, svo og þau verkefni sem stjórnarmenn taka að sér fyrir samtökin. Þó er heimilt að greiða fyrir útlagðan kostnað sem til fellur vegna rekstrar samtakanna.
- Orðist svo:
 - Stjórnarstörf eru ólaunuð, en heimilt er að greiða fyrir útlagðan kostnað vegna rekstrar samtakanna. Þrátt fyrir það getur stjórnarmaður gefið kost á sér til annarra verkefna en stjórnarstarfa sem stjórn ákveður að kaupa að þjónustu til gegn eðlilegu endurgjaldi hafi atkvæði hans ekki ráðið úrslitum um þá ákvörðun og skal hann þá jafnframt víkja sæti við frekari ákvarðanir stjórnar um verkefnið.

FRAMBJÓÐENDUR TIL STJÓRNAR 2020

Framboð til aðalstjórnar:

- | | | |
|---|--|---|
| <input type="checkbox"/> Ásthildur Lóa Þórsdóttir | <input type="checkbox"/> Einar Valur Ingimundarson | <input type="checkbox"/> Hafþór Ólafsson |
| <input type="checkbox"/> Hólmsteinn Brekkan | <input type="checkbox"/> Sigríður Örlygsdóttir | <input type="checkbox"/> Róbert P. Bender |
| <input type="checkbox"/> Vilhjálmur Bjarnason | | |

Framboð til varastjórnar:

- | | |
|--|---|
| <input type="checkbox"/> Björn Kristján Arnarson | <input type="checkbox"/> Ragnar Unnarsson |
| <input type="checkbox"/> Stefán Stefánsson | <input type="checkbox"/> Þórarinn Einarsson |

TILNEFNING SKOÐUNARMANNA

Skoðunarmenn reikninga gefa kost á sér til endurkjörs á aðalfundi 2020:

- Sigfríð Gerður Hallgrímsdóttir Sólveig Sigurgeirsdóttir

